

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Ásabraut 1-40 og Lokastígur 1-10, Ásgarður.*

Breytingin felur í sér að staðsetning aðkomuvega er nú innmæld og lóðir ná ekki inn á vegbrún líkt og í gildandi skipulagi. Allar lóðir hafa verið hnitsettar sem hefur í för með sér að stærðir flestra þeirra breytast.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. ágúst 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. apríl 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**